

Lífsverk lífeyrissjóður

Tillögur um breytingar á samþykktum á aukaaðalfundi 20. október 2025

Ákvörðun um heimildir um hækkun eða lækkun réttinda

Gr. 16.5 og 16.6 í samþykktum

Núverandi ákvæði

Gr. 16.5 Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að eignir sjóðsins eru meira en 10% umfram lífeyrisskuldbindingar hans skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til aðalfundar um hækkun lífeyrisréttinda. Sama gildir ef þessi munur hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Stjórn sjóðsins er einnig heimilt, að höfðu samráði við tryggingarfræðing sjóðsins og miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, að gera tillögu til aðalfundar um aukningu áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga. Aukningin skal gerð þannig að áunnin réttindi allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð skv. 7.-10. gr. þessara samþykpta, eru aukin hlutfallslega jafnmikið. Staða sjóðsins, það er mismunur eigna og skuldbindinga samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt, skal þó ætíð vera jákvæð eftir aukningu réttinda, bæði þegar litið er til áunninna réttinda og heildarréttinda.

Gr. 16.6 Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að eignir sjóðsins eru meira en 10% lægri en lífeyrisskuldbindingar hans, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til aðalfundar um lækkun lífeyrisréttinda, enda finnst ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins. Sama gildir ef þessi munur hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Stjórn sjóðsins er einnig heimilt, að höfðu samráði við tryggingafræðing sjóðsins og miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, að gera tillögu til aðalfundar um lækkun áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga. Lækkunin skal gerð með því að skerða áunnin réttindi allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð skv. 7.-10. gr. þessara samþykpta, hlutfallslega jafnmikið.

Tillaga að breyttu ákvæði gr. 16.5 og 16.6

Gr. 16.5 Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að eignir sjóðsins eru meira en 10% umfram lífeyrisskuldbindingar hans skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til aðalfundar um hækkun lífeyrisréttinda. Sama gildir ef þessi munur hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Stjórn sjóðsins er einnig heimilt, að höfðu samráði við tryggingarfræðing sjóðsins og miðað við viðurkenndar

tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, að gera tillögu til aðalfundar um aukningu áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga. ~~Aukningin skal gerð þannig að áunnin réttindi allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð skv. 7.-10. gr. þessara samþykktu, eru aukin hlutfallslega jafnmikið.~~ Staða sjóðsins, það er mismunur eigna og skuldbindinga samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt, skal þó ætíð vera jákvæð eftir aukningu réttinda, bæði þegar litið er til áunninna réttinda og heildarréttinda.

16.6 Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að eignir sjóðsins eru meira en 10% lægri en lífeyrisskuldbindingar hans, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til aðalfundar um lækkun lífeyrisréttinda, enda finnist ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins. Sama gildir ef þessi munur hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Stjórn sjóðsins er einnig heimilt, að höfðu samráði við tryggingafræðing sjóðsins og miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, að gera tillögu til aðalfundar um lækkun áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga. ~~Lækkunin skal gerð með því að skerða áunnin réttindi allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð skv. 7.-10. gr. þessara samþykktu, hlutfallslega jafnmikið.~~

Greinargerð / Rökstuðningur

Með breytingunni er felld brott sú regla að hækkun eða lækkun áunninna réttinda skuli ávallt vera hlutfallslega jöfn hjá öllum sjóðfélögum. Slík takmörkun þrengir óþarflega svigrúm stjórnar til að leggja fram málefnalegar tillögur að breytingum, sem byggjast á tryggingafræðilegum forsendum og eru nauðsynlegar til að tryggja jafnræði og sjálfbærni sjóðsins. Breytingin er lögð til í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 11/2024 þar sem kom fram að lífeyrissjóðum sé heimilt að grípa til ólíkra leiða við skerðingu eða aðlögun réttinda svo framarlega sem þær byggist á málefnalegum sjónarmiðum, samræmist meðalhófi og jafnræði, og stefni að því lögmæta markmiði að tryggja greiðslugetu sjóðsins til framtíðar. Af þessum ástæðum er lögð til rýmkun á heimildum stjórnar til að meta hvaða leið verður farin til hækkunar eða lækkunar réttinda.

Ákvörðun um slit og sameiningu Lífsverks við annan sjóð

18. gr. samþykkt

Núverandi ákvæði

18. gr. Ráðstöfun á eignum, ef sjóðurinn verður lagður niður

18.1 Ákvörðun um að leggja sjóðinn niður er ekki gild nema hún sé samþykkt við skriflega og/eða rafræna atkvæðagreiðslu af minnst helmingi félagsmanna auk þess sem hún þarf að fullnægja ákvæðum 17. greinar um breytingar á samþykktum.

18.2 Verði sjóðurinn lagður niður, ber stjórn hans að ráðstafa eignum hans sem segir í greinum 18.3 og 18.4.

18.3 Með tilvísan í grein 18.2 skal, ef unnt er, sameina sjóðinn öðrum lífeyrissjóði og skal sá sjóður vera stofnaður með lögum eða njóta viðurkenningar Fjármálaráðuneytisins. Við sameiningu skal þess gætt að lífeyrisréttur sjóðfélaganna rýrni ekki frá því sem eignastaða sjóðsins gefur tilefni til.

18.4 Með tilvísan í grein 18.2 og ef ekki tekst sameining við annan lífeyrissjóð skv. grein 18.3, skal með eignir sjóðsins farið í samræmi við ákvæði 49. gr. laga 129/1997.

Tillaga að breyttu ákvæði 18. gr.

18. gr. Ráðstöfun á eignum, ef sjóðurinn verður lagður niður

18.1 Ákvörðun um að leggja sjóðinn niður **eða sameina sjóðinn öðrum lífeyrissjóði** er ekki gild nema hún sé samþykkt **á aðalfundi eða aukaaðalfundi með að lágmarki 2/3 hluta greiddra atkvæða og/eða** við ~~skriflega og/eða~~ rafræna atkvæðagreiðslu **sjóðfélaga samkvæmt nánari útfærslu stjórnar, af minnst helmingi félagsmanna** auk þess sem hún þarf að fullnægja ákvæðum 17. greinar um breytingar á samþykktum.

18.2 Verði sjóðurinn lagður niður, ber stjórn hans að ráðstafa eignum hans sem segir í greinum 18.3 og 18.4.

18.3 Með tilvísan í grein 18.2 skal, ef unnt er, sameina sjóðinn öðrum lífeyrissjóði og skal sá sjóður vera stofnaður með lögum eða njóta viðurkenningar Fjármálaráðuneytisins. Við sameiningu skal þess gætt að lífeyrisréttur sjóðfélaganna rýrni ekki frá því sem eignastaða sjóðsins gefur tilefni til.

18.4 Með tilvísan í grein 18.2 og ef ekki tekst sameining við annan lífeyrissjóð skv. grein 18.3, skal með eignir sjóðsins farið í samræmi við ákvæði 49. gr. laga 129/1997.

Greinargerð / Rökstuðningur

Markmiðið með breytingunum er að tryggja að ákvörðun um slit og/eða sameiningu lífeyrissjóðsins sé raunhæf og framkvæmanleg. Núgildandi ákvæði gerir kröfu um að helmingur allra sjóðfélaga samþykki slíka ákvörðun. Með hliðsjón af því að sjóðfélagar Lífsverks eru á sjöunda þúsund talsins er slíkt skilyrði í reynd nær óframkvæmanlegt.

Til samanburðar má benda á að í rafrænu stjórnarkjöri árið 2025 kusu 430 manns, eða 12% virkra sjóðfélaga, og árið 2023 kusu 466 manns, eða 14%. Það er því ljóst að það að krefjast samþykkis helmingis allra sjóðfélaga gerir ákvörðun um sameiningu nánast ómögulega í framkvæmd.

Með hinni nýju tillögu nægir aukinn meirihluti þeirra sem mæta á löglega boðaðan aðalfund eða aukaadalfund til að samþykkja slit eða sameiningu í samræmi við ákvörðun stjórnar sjóðsins auk þess sem opnað er fyrir rafræna atkvæðagreiðslu sjóðfélaga. Þetta tryggir fylgni við 48. gr. laga nr. 129/1997 sem kveður á um það að stjórn sjóðsins geti tekið ákvörðun af þessum toga nema annað sé ákveðið í samþykktum. Til viðbótar lágmarkskröfum laganna er bætt við ákvæði sem krefst samþykkis 2/3 hluta þeirra sem taka þátt í atkvæðagreiðslu um tillögu stjórnar um sameiningu eða slit sjóðsins á viðkomandi fundi sjóðfélaga eða í rafrænni atkvæðagreiðslu. Breytingin er að mati stjórnar eðlileg, raunhæf og tryggir að sjóðfélagalýðræði ráði för.